



78. Fundur bæjarráðs Blönduóssbæjar fimmtudaginn, 11. mars, 2004, kl. 12:00 á skrifstofu bæjarins.

Formaður bæjarráðs, Valdimar Guðmannsson, setti fund og stjórnaði honum. Bæjarstjóri ritaði fundargerð. Mæting skv. undirskriftum.

1. Sjóvarnir 2004.
2. Bréf frá formanni Veiðifélags Blöndu og Svartár.
3. Bréf frá Félagsmálanefnd Alþingis.
4. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.
5. Dagskrá Grunnskólapings sveitarfélaga.
6. Fundargerð fundar oddvita sveitarfélaga sem aðild eiga að Héraðsbókasafni A-Hún ásamt drögum að samstarfssamningi um rekstur safnsins.
7. Fundargerð Héraðsnefndar A-Hún.
8. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Sjóvarnir 2004.

Fram lagt minnisblað frá bæjartæknifræðingi vegna fyrirhugaðra sjóvarna við Blöndu á árinu 2004. Heildarlengd sjóvarna við Blöndubýggð í þessum áfanga er áætluð um 210 metrar og heildarmagn grjóts um 430 m³. Jafnframt er lagt til að settar verði þrjár rofavarnir við Blöndu með heildarmagni grjóts um 150 m³. Eru áætlanir þessar unnar í samráði við Siglingastofnun og teljast sem viðbótarverk vegna ársins 2003. Bæjarráð fagnar þessum áformum og samþykkir fyrir sitt leyti fyrirhugaðar framkvæmdir.

2. Bréf frá formanni Veiðifélags Blöndu og Svartár.

Í bréfi formanns veiðifélagsins, Ágústar Sigurðssonar, dags. 28. febrúar 2004 kemur fram að félagsmenn hafi spurst fyrir um hugsanleg áhrif frárennslis Ullarþvottastöðvarinnar á lífríki vatnasvæðisins og fiskiför upp ána. Er þess óskað að Veiðimálastofnun verði falið að meta hver áhrif fyrirhugaðrar Ullarþvottastöðvar muni hafa á arðsemi árinna, einkum með tilliti til göngufisks.

Bæjarstjóri tjáði að þegar hafi verið haft samband vegna málsins við Veiðimálastofnun, Umhverfisstofnun og Heilbrigðiseftirlit Norðurlands vestra. Þar starfsmönnum þessara stofnana saman um að unnin yrði úttekt á vegum Heilbrigðiseftirlitsins en skv. starfsmönnum þar liggja fyrir miklar rannsóknir frá heilbrigðiseftirliti Suðurlands um frárennslismál Ullarþvottastöðvarinnar. Búist er við að samantekt liggja fyrir innan skamms og er þá ætlunin að senda gögn til Veiðimálastofnunar til yfirferðar. Þessa dagana verða tekin vatnssýni úr ánni til að meta stöðu dagsins í dag, áður en Ullarþvottastöð verður gagnsett í sumar.

3. Bréf frá Félagsmálanefnd Alþingis.

Hjálagt er frumvarp til laga um vatnsveitur sveitarfélaga, 576. mál. Frumvarpið er lagt fram til kynningar.



4. Bréf frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga.

Með bréfinu er boðað til landsráðstefnu um Staðardagskrá 21 á Ísafirði, 26. og 27. mars nk.

5. Dagskrá Grunnskólaþings sveitarfélaga.

Þingið verður haldið 26. mars nk. í Reykjavík. Dagskráin er lögð fram til kynningar.

6. Fundargerð fundar oddvita sveitarfélaga sem aðild eiga að Héraðsbókasafni A-Hún ásamt drögum að samstarfssamningi um rekstur safnsins.

Fundur oddvita aðildarsveitarfélaga að Héraðsbókasafni A-Hún var haldinn 11. febrúar sl. Tílefni fundarins var að ræða fyrirhugað rekstrarform safnsins. Aðildarsveitarfélög eru Áshreppur, Blönduóssbær, Bólstaðarhlíðahreppur og Torfalækjahreppur. Fyrir liggja drög að samstarfssamningi um rekstur Héraðsbókasafns A-Hún.

Bæjarráð samþykkir að boðað verði til fundar aðildarsveitarfélaga Héraðsbókasafnsins við fyrstu hentugleika.

7. Fundargerð Héraðsnefndar A-Hún.

Lögð fram til kynningar.

8. Önnur mál voru engin.

Fundargerð upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 12:55.

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Hjördís Blöndal (sign.)

Valdimar Guðmannsson (sign.)

Jóna Fanney Friðriksdóttir (sign.)